

05. júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 5. júní 2015
UST201505-193/B.S.
10.05.01

Efni: Nýtingarleyfi - kalkþörungaset - Miðfjörður við Húnaflóa. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda leyfisumsókn.


Sótt er um leyfi til að taka árlega 1.200 m³ af kalkþörungaseti í vestanverðum Miðfirði. Sótt er um leyfi til 30 ára og er ráðgert að efnistakan á því tímabili verði alls 36.000 m² á minna en 25.000 m² svæði.


Umsækjandi er vel kunnugt um hversu viðkvæmir kalkþörungar eru gagnvart efnistöku og gruggmyndun sem slíkri efnistöku getur fylgt sérstaklega ef kalkþörungum er dælt af hafsbotni. Til að draga úr gruggmyndun er ráðgert að efnistakan fari fram með lítilli greip frá 15 smálesta báti. Með þessu móti er talið að áhrifa efnistökkunnar ætti ekki að gæta út fyrir fyrirhugað efnistökusvæði.

Talið er að magn kalkþörungna í Miðfirði sé allt að 8.000.000 m³.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um hóflega nýtingu að ræða þar sem lögð verður áhersla á að valda sem minnstum skaða utan hins eiginlega efnistökusvæðis. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn, en stofnunin telur að stærðarviðmið sem ætlað er að gefa vísbendingar um líkleg áhrif efnistöku á landi eiga að öllum líkindum ekki við þegar um efnistöku á hafsbotni er að ræða sérstaklega þegar efni er dælt upp af hafsbotni úr seti sem er jafn viðkvæmt og kalkþörungar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur